

**UMFERÐARÖRYGGI VIÐ SKÓLA Í REYKJANSBÆ**  
SAMSTARFSHÓPUR UM UMFERÐARÖRYGGISMÁL  
NEMENDA Í REYKJANESBÆ

Úttekt og tillögur að úrbótum  
Lagt fram í Fræðsluráði Reykjanesbæjar 23. ágúst 2004



Nýir nemendur í 1. bekk haustið 2004

# *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*

|  |           |
|--|-----------|
| <b>INNGANGUR.....</b>  | <b>3</b>  |
| <b>1. ÚTTEKT Á GRUNNSKÓLUM .....</b>                         | <b>5</b>  |
| 1.1 Njarðvíkurskóli.....                                     | 5         |
| 1.2 Myllubakkaskóli .....                                    | 7         |
| 1.3 Holtaskóli.....  | 10        |
| 1.4 Heiðarskóli.....   | 13        |
| <b>2. FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA .....</b>                   | <b>14</b> |
| <b>3. LEIKSKÓLAR .....</b>                                   | <b>14</b> |
| <b>4. SAMANTEKT .....</b>                                    | <b>15</b> |
| <b>VIÐHENGI 1. SKÝRSLA UM UMFERÐARÖRYGGI SKÓLABARNA.....</b> | <b>16</b> |
| <i>Allt of stór hópur barna í hættu .....</i>                | <i>17</i> |
| <i>Slysakostnaður um 10 milljarðar króna árlega.....</i>     | <i>17</i> |
| <b>VIÐHENGI 2. SVÖR VIÐ FYRIRSPURNUM UMFERÐARHÓPS .....</b>  | <b>17</b> |

## *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*

### INNGANGUR

Samstarfshópur um umferðaröryggismál í skólum var settur á stofn í febrúarbyrjun 2004 að áeggjan FFGÍR (foreldrafélög og foreldraráð grunnskólanna í Reykjanesbæ) þar sem óskað var eftir því að farið yrði yfir umferðaröryggi við grunnskóla Reykjanesbæjar. Hópnun var ætlað að setja fram tillögur um aukið öryggi skólabarna við skóla og á leið í og úr skóla, þar með talið íþróttamannvirki.

Hópin skipuðu Dagný Gísladóttir frá FFGÍR, Kristján Geirsson frá Lögreglunni í Keflavík, Sigmundur Eyþórsson frá Brunavörnum Suðurnesja, Gunnar Már Eðvarðsson frá Umhverfis- og skipulagssviði og Eiríkur Hermannsson fræðslustjóri sem kallaði hópinn saman.

Fyrsti fundur var haldinn 9. febrúar 2004 en alls voru haldnir 4 fundir. Ákveðið var að skoða jafnframt umferðaröryggi við leikskóla og Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem og íþróttamannvirki þ.e. umferðaröryggi barna á öllum skólastigum.

Óskað var eftir ábendingum frá fulltrúum skóla, foreldraráða/foreldrafélaga, forstöðumönnum íþróttamannvirkja og framkvæmdastjóra Menningar-, íþrótt- og tómsundasviðs.

### **Spurt var:**

- Hvað má betur fara við aðkomu að íþróttamannvirkjum ?
- Hvar eru hættusvæði við skóla og á leið til skóla?
- Hvað þið teljið brýnast af þeim verkefnum sem til úrbóta teljast?

Einnig gerðu fulltrúar Lögreglu og BS vettvangskonun við hvern skóla.

Ljóst er að mikið verk er að vinna í umferðaröryggismálum en samkvæmt nýlegri skýrslu eftir Benedikt Sigurðarson, sérfræðingi hjá Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri, er umferðaröryggi skólabarna ábótavant og umferðarfræðsla ekki nógu markviss.

Í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að 6 - 10% grunnskólabarna séu í mikilli hættu í umferðinni á degi hverjum á leið í skólann.

*"Ég held að þessi hópur sé allt of stór til þess að við fáumst ekki við hann með markvissum aðgerðum. Ég held að við þurfum gera áætlun um að ganga í þá átt sem Norðmenn hafa gert, að skilgreina það sem rétt allra skólabarna að búa við öryggi á leið sinni í skólann. Hér er hættan einkum fölginn í því að börn fara yfir þungar umferðargötur og stundum fara þau yfir gangbrautir sem ekki eru vaktadar. Stundum skapar bílaumferð við skólana hættu, þegar foreldrar eru að aka börnum sínum í skólann, einmitt vegna þess að þeir meta það svo að umferðarhætta sé mikil í hverfinu. Umferðarlagið í kringum skólana verður af þessum sökum mikið og mannvirki við skólana ráða ekki við álagið. Þetta er hins vegar mjög breytilegt milli skóla. Við sjáum skóla og heilu hverfin þar sem öryggi er mjög mikið, en annars staðar er þessu þveröfugt farið."*

Hópurinn tók saman allar ábendingar sem bárust og eins skipti hann með sér skólahverfum og setti fram tillögur um úrbætur.

Brýnast er að lækka umferðarhraða í skólahverfum og við leikskóla. Hámarkshraði við Njarðvíkurskóla og Myllubakkaskóla var lækkaður í 30 km/klst á meðan samstarfshópur vann að málinu en hann hafði þegar verið lækkaður við Heiðarskóla. Enn þarf þó að lækka hámarkshraða við leikskóla, Fjölbrautaskóla og Holtaskóla. Umferðarmál eru sýnu verst við Holtaskóla en þar eru jafnframt staðsett íþróttahús, sundmiðstöð og fjölbrautaskóli.

Umferðarskipulag við það svæði sem mikið er sótt af börnum og ungmönnum hefur ekki tekið breytingum í fjölda ára þrátt fyrir endurteknar stækkanir á Fjölbrautaskóla, íþróttamiðstöð og

## *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*

nú síðast Holtaskóla. Endurmeta þarf því svæðið í heild sinni með t.t. umferðaröryggis og verður lækkun hámarkshraða skoðuð í því samhengi.

Mikilvægt er að skoða allar mögulegar leiðir til úrbóta með opnum huga. Er t.d. ástæða til að seinka kennslu á morgnana svo nemendur séu ekki á leið í skóla á þeim tíma sem flestir fara akandi til vinnu? Er gangbrautavarsla eitthvað sem gæti hentað okkur?

Leggja þarf áherslu á umferðaruppeldi í samstarfi við foreldra fyrir nemendur á öllum skólastigum. Eins þarf að setja samstarf við lögreglu í skipulagðan farveg.

Þótt víða sé pottur brotinn má ekki gleyma því sem vel er gert og má þar nefna heitar skólamáltíðir sem koma í veg fyrir að nemendur eigi erindi út í umferðina á miðjun degi til þess eins að næra sig. Einnig er ljóst að samhæfing á íþrótta- og tómstundastarfi í Frístundaskólanum dregur úr áhættu. Þetta á líka við um Tónlistarskólann en þar fer hluti af kennslu fram í skólunum sjálfum. Ekki má gleyma þætti lögreglunnar sem er stór.

Samstarfshópurinn fagnar framtaki Reykjanesbæjar sem hefur ákveðið að standa fyrir umferðaröryggisátaki í bæjarfélaginu en einn liður í því er lækkun hámarkshraða við grunnskóla.

Æskilegt er að í framhaldi af vinnu hópsins verði sett á laggirnar einhvers konar umferðarráð/nefnd sem yrði skipuð fulltrúum frá FFGÍR, Lögreglu og Reykjanesbæ og tæki við ábendingum um það sem betur mætti fara í umferð við skóla og fylgdi þeim eftir.

Reykjanesbæ 23. ágúst 2004

# *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*

## **1. ÚTTEKT Á GRUNNSKÓLUM**

Eftirfarandi umsagnir varða öryggismál við aðkomu nemenda að hverjum skóla. Skoðaðar voru helstu þættir aðkomuleiða s.s. merkingar og hraðatakmarkanir. Sérstaklega voru skoðaðar aðkomuleiðir fótgangandi, aðkomuleiðir reiðhjóla sem og aðkomuleiðir ökutækja, vöruflutninga og neyðarbíla. Umsögnin er ekki tæmandi en gefur góða mynd af því fyrirkomulagi sem er í dag og leggur fram tillögur til úrbóta

### **1.1 Njarðvíkurskóli**



#### ***Almennt:***

Að Njarðvíkurskóla liggja: Þórustígur, Norðurstígur, Brekkurbraut Grundarvegur og Borgarvegur. Helstu aðkomuleiðir gangandi vegfarenda eru yfir gangbrautir á Njarðargötu við “Biðskýlið” uppeftir Borgarvegi, Grundarvegi og suður af Brekkustíg. Hámarkshraði er 30 km/klst.

#### ***Ábótavant:***

Merkingum er víða ábótavant og má þar nefna að ekki er ljóst hvar skal stoppa ökutæki til að hleypa nemendum út, eða hvar skal koma að skólanum til að ná í nemendur. Hraðinn á Njarðarbraut er hvað mestur og hefur reynslan sýnt að flest óhöppin hafa átt sér stað við gatnamótin Borgarvegur/Njarðarbraut. Gangbraut er við gatnamótin og aðskilnaður akbrauta í gagnkvæma átt er með nokkuð þétu vírneti sem teppir sýn ökumanna og gangandi vegfarenda. Á sama stað skapar beygjuakgrein þeirra sem koma úr norðurátt og eru að beygja til vinstri inná Borgarveginn mikla hættu fyrir gangandi sem eru að fara yfir gangbrautina. Umferð sem fer framhjá þeirri bifreið sem er að beygja sér ekki gangandi vegfarendur sem eru að fara yfir gangbrautina. Þetta á sérstaklega við þegar stærri bifreiðar eru að beygja.

## *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*

Gangandi vegfarendur sem fara yfir gangbraut í vestur sjá ekki aðkomandi bíla fyrir neti svo og ef bíl er lagt sem beygir.

Merktar gangbrautir vantar við skólann.

Það er allt of algengt að foreldrar og aðrir aki alveg upp að skólanum á morgnana og í skólalok þegar verið er að sækja börn. Þar sem ekki má loka aðkomu bíla að skólanum þyrfti að setja upp skilti eða aðvörun um að óþarfa akstur upp að skólanum sé hættulegur börnunum.

Lokað er fyrir umferð um Grundarveg frá skólanum sem beinir umferð íþróttaiðkenda á morgnana í gegnum aðkomu nemenda að skólanum.

### ***Tillögur til úrbóta:***

- Setja upp aðvörun um að óþarfa akstur upp að skólanum sé hættulegur börnunum.
- Setja upp leiðbeiningar til foreldra um akstur við og að skólanum.
- Auka umferðarmerkingar s.s. gangbrautir.
- Færa þarf biðskýli neðan við sundlaug á bílastæði fyrir framan skólann svo betra verði að fylgjast með börnunum sem eru að fara í strætó.
- Skoða þarf fyrirkomulag á umferð á Njarðarbraut þar sem er 50 km hámarkshraði.
- Með því að opna fyrir umferð í báðar áttir við Grundarveg er hægt að beina umferð annara frá skólanum þannig að hún fari ekki um gönuleiðir nemenda.
- Gera þarf úrbætur á gatnamótum Borgarvegur og Njarðarbrautar t.d. ljós.

## **1.2 Myllubakkaskóli**



***Almennt:***

Að Myllubakkaskóla liggja: Sólvallagata, Suðurtún, Norðurtún og Hringbraut. Helstu aðkomuleiðir gangandi eru yfir gangbrautir á Sólvallagötu, Hringbraut, Skólavegi og Tjarnargötu. Hámarkshraði er 30 km/klst nema við Hringbraut.

***Ábótavant:***

Merkingum er ábótavant og má þar nefna að ekki er ljóst hvar skal stoppa ökutæki til að hleypa nemendum út eða hvar skal koma að skólanum til að ná í nemendur.

Ökutæki leggja í bílastæði fyrir framan skólann til þess að hleypa börnum út. Bakka þarf úr þeim út á Sólvallagötu í mikilli umferð.

Einnig stoppa ökutæki við Suðurtún til að hleypa út nemendum og það sama á við um Norðurtún. Við Norðurtún er ekki hægt að leggja út í kant.

Sumir starfsmenn skólans leggja bifreiðum sínum á bílastæði við Sólvallagötu og teppa þar með umferð foreldra sem keyra börnum sínum í skólann.

Strætó stoppar fyrir framan skólann við merкта stoppustöð. Auðvelt er fyrir nemendur að fara í og úr strætó. Þó brennur stundum við að strætó stoppar á gangbraut til að hleypa nemendum út sem skapar hættu annara nemenda sem fara yfir gangbrautina.

## *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*

Aðkoma vöruflutninga er frá Suðurtúni og er þá keyrt inn á skólalóð til móts við inngang í mötuneyti. Vöruflutningar vegna mötuneytis hafa farið fram á skólalóð í frímínútum.

Pinnaglaðir ökumenn stunda það að keyra fram hjá hraðahindrun á gangbraut við aðalinngang skólans til þess að þurfa ekki að draga úr hraða og skapar slíkt hættu. Einnig stunda foreldrar það að leggja í/stöðva við gangbraut til að hleypa börnum sínum út sem teppir umferð gangandi nemenda um gangbrautina og skapar mikla hættu.

Nemendur á yngri stigum þurfa að sækja sundtíma í Sundhöll Keflavíkur sem er nokkra leið frá skólanum og þarf að fara yfir Hafnargötu en þeir fá til þess fylgd.

Snjóruðningar blinda oft sýn við horn Sólvallagötu og Norðurtúns.



### ***Tillögur til úrbóta:***

- Auka þarf umferðarmerkingar við skólann og á gönguleiðum að skólanum.
- Laga þarf hraðahindrun við aðalinngang skólans. Hér þarf að setja stólpa sitt hvorum megin við enda hraðahindrunar.
- Setja upp leiðbeiningar til foreldra um aðkomu að skólanum.

## *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanessbæ*

- Beina þarf þeim tilmælum þeirra sem sjá um snjóruðninga að skilja ekki eftir stóra hauga sem byrgja gangandi nemendum sýn eða knýja þá til að sveigja út á götu til að komast leiðar sinnar.



## *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*

### **1.3 Holtaskóli**

#### ***Almennt:***

Svæðið sem um ræðir er rammað inn af Skólavegi og Faxabraut og að austan af íþróttasvæði Knattspyrnudeildar Keflavíkur. Þegar fjallað er um umferðaöryggi við Holtaskóla er nauðsynlegt að líta á skóla- og íþróttasvæðið í heild sinni. Við svæðið starfa Fjölbrautaskóli, Sundmiðstöð, íþróttahús, líkamsræktarstöð og knattspyrnufélag.

Núverandi hámarkshraði á þessu svæði er 50 km/klst sem og á aðliggjandi götum. Á Sunnubraut milli Skólavegs og Faxabrautar er 30 km hámarkshraði.

#### ***Ábótavant:***

Vandamálin hvað umferðaröryggi varðar á þessu svæði eru fjölmörg. Stærsta vandamálið er á álagstímum skóladags en þá er mjög mikil bílaumferð á þessu svæði öllu.

Við Holtaskóla eru starfsmenn skóla að mæta til vinnu, foreldrar að keyra nemendum til skóla, mest er að gera í Sundmiðstöð sem og í líkamsræktarstöðinni Perlunni og nemendur og starfsfólk Fjölbrautaskólans mæta til starfa. Á þessum álagstímum dagsins skapast mikið umferðaröryggi fyrir gangandi vegfarendur á leið til og frá skóla.

Fyrir utan nemendur Holtaskóla fer fjöldi barna og ungmenna um þetta svæði á degi hverjum á leið til íþróttæfinga.

Bílastæði starfsmanna Holtaskóla eru beint fyrir framan aðalinngang nemenda í skólann og verða fótgangandi nemendur á leið til skóla að ganga þvert á þá umferð sem og umferð til og frá Sundmiðstöð.

Bílastæði ætluð gestum Sundmiðstöðvar og Perlunnar eru af skornum skammti og þurfa að vera töluvert fleiri. Bílastæði þeirra er erindi eiga í kjallara sundmiðstöðvar (búningsaðstöðu knattspyrnumanna) eru að austanverðu en við byggingu nýrrar sundlaugar hverfa þau bílastæði að mestu. Nú ber mikið á því að sundgestir og fólk á leið í líkamsrækt leggi bílum sínum á Sunnubrautina við lóð skólans sem næst Skólaveginum og bílastæðum Sundmiðstöðvarinnar og þrengi að og skapi hættu. Þarna er bannskilti en það er lítið og sést illa í myrkri. Einnig leggur fólk inn á lóð skólans sem þó er auglýst bannsvæði fyrir aðra en starfsfólk.

Strætó stöðvar við stoppistöð á skólavegi og þurfa nemendur að ganga yfir gangbraut til að komast að skólanum. Þetta hefur skapað hættu.

## *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*



Í Hálfu og snjó skapast hættu við Skólaveg þegar nemendur leika sér í snjóruðningum við götuna og lenda jafnvel út á götunni þar sem bílar aka í hálli brekku. Holtaskóli hefur óskað eftir skermun milli lóðar og Skólavegar en ekki hefur orðið úr framkvæmdum.

Bílastæði/leiksvæði á mótí Skólavegi og Lyngholti er þröngt og nemendur fara þar mikið um enda tvær lausar kennslustofur staðsettir þar. Búið er að banna umferð annarra en starfsfólks um þetta svæði en samt ber á því að fólk ekur þarna inn og bakkar með tilheyrandi hættu.

Aðkoma að skólanum frá Skólavegi hefur einnig verið þannig að fólk stöðvar einhversstaðar í brekkunni og hleypir nemendum út, jafnvel fyrir innkeyrslunni inn á áður nefnt svæði.

Strætisvagn stöðvar við gangbraut á Skólavegi og þar er nemendum hleypt út. Þetta tefur umferð um götuna og væri nauðsynlegt að finna hentugt útskot fyrir strætisvagninn t.d. til móts við neðri álmu skólans en þannig myndu nemendur ganga beint upp á gangstétt við skólann.

Foreldrar yngstu nemendanna aka oft innar eftir Sunnubrautinni og stöðva við lokunina til að hleypa nemendum út. Hægt er að aka í hring þarna en til bóta væri að koma fyrir stöpli eða einhverju til að aka kringum.

Bílar sem koma eftir Sunnubraut frá Faxabraut hafa hinsvegar skapað hættu við horn íþróttahússins þegar þar er bakkað og nemendur e.t.v. að koma gangandi fram hjá FS og íþróttahúsi að skólanum. Foreldrar hafa verið beðnir um að aka í hring inn Sunnubraut og stoppa við horn skóla/íþróttahúss og hleypa út án þess að bakka og aka svo framhjá bílastæði íþróttahússins til baka.

## *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*



### ***Tillögur til úrbóta:***

- Nauðsynlegt er að gera heildarúrbætur fyrir allt svæðið þ.e. Holtaskóla, FS, sundlaug og íþróttahús en um þetta svæði fer fjöldi barna og ungmenna á hverjum degi.
- Brýnt er að huga að gerð nýrra bílastæða, en reikna má með enn fleiri gestum er ný og stækkuð Sundmiðstöð verður tilbúin. Leggja þarf af með öllu bílastæði starfsmanna á lóð Holtaskóla og útbúa ný t.d. fyrir ofan skólann.
- Við Skólaveg þarf að útbúa útskot fyrir bifreiðar og strætó til að stoppa og láta nemendur út.
- Á Sunnubraut milli Faxabrautar og Skólavegs má skoða þann möguleika að færa hámarkshraða úr 30 km, í 15 km. Á skólatíma er lokað fyrir allan gengnumakstur á þessum kafla Sunnubrautar.
- Mjög brýnt er að koma upp gangstétt á efsta hluta Skólavegar (milli Faxabrautar og Flugvallarvegur).
- Skoða þarf aðkomu bifreiða að skólanum. Foreldrar sem koma eftir Sunnubraut eða Skólavegi og skila af sér nemendum þyrftu að geta stöðvað við innkeyrsluna að skólanum á Sunnubraut og beygt síðan niður með Sundmiðstöðinni til baka. Þannig myndaðist öruggur hringakstur.
- Beina þarf þeim tilmælum til þeirra sem sjá um snjóruðninga að setja ekki snjóruðninga í hauga við skólann þar sem nemendur nota þá sem leiksvæði sem hefur skapað hættu vegna nálægrar umferðar.

## *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*

### **1.4 Heiðarskóli**

#### ***Almennt:***

Heiðarskóli er við Heiðarhvamm og Heiðarból. Aðkomuleiðir fyrir gangandi eru yfir þrjár gangbrautir á Vesturgötu fyrir nemendur úr Garðahverfi og Eyjabyggð. Þessi leið er sú varasamasta vegna umferðar. Aðrar gönguleiðir eru góðar og hámarkshraði 30 km/klst nema við Heiðarbraut. Merkingar eru góðar og aðkoma að skólanum skýr. Upphækkaðar gangbrautir eru á Vesturgötu en hámarkshraði er allt að 50 km/klst. Bogi framan við skólann og skilti sýna glögglega hvar réttast er að setja börn úr bílum.

#### ***Ábótavant:***

Vandi vill skapast við Heiðarból þegar foreldrar kjósa að aka með börn að vesturinngangi í stað þess að nota umræddan boga.

#### ***Tillögur til úrbóta:***

Ekki er ástæða til sérstakra aðgerða en halda verður áfram að brýna fyrir foreldrum að nota merktar leiðir og fylgja ábendingum skólastjórnenda.

# *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*

## **2. Fjölbrautaskóli Suðurnesja**

Skoða þarf umferðarmál við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í tengslum við svæðið allt sem snýr að Holtaskóla, sundlaug og íþróttahúsi. Bílastæði eru af skornum skammti og bílanotkun mikil. Aðkoma sjúkra- og björgunartækja er ekki góð. Lækka þarf hámarkshraða við Faxabraut.



## **3. Leikskólar**

Hraðaakstur er helsti umferðarvandi leikskóla. Lækka þarf hámarkshraða við leikskóla úr 50 í 30 km/klst.

Auka þarf umferðarmerkingar við skólana.

Einnig þarf að setja upp hlið/grind við inngang leikskóla til að koma í veg fyrir að börn hlaupi út á götu.

# *Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ*

## **4. Samantekt**

Ljóst er að mikið starf er óunnið í umferðaröryggismálum skóla í Reykjanesbæ. Stórt skref hefur þegar verið stigið við lækkun hámarkshraða við Myllubakka og Njarðvíkurskóla en brýnt er að vinna að heildarlausn umferðarmála við Holtaskóla, FS, sundlaug og íþróttahús. Að auki þarf að lækka hámarkshraða við leikskóla, íþróttamannvirki, tónlistarskóla og fjölbrautaskóla sem og auka merkingar. En foreldrar þurfa líka að leggja sitt af mörkum til þess að skapa betri umferðarmenningu við skólana og leiðbeina börnum sínum. Til þess þarf aukna fræðslu og vitundarvakningu. Nemendur eru hvattir strax við upphaf skólagöngu til þess að ganga í skólann. Til þess að það megi vera þarf að tryggja öryggi þessara nemenda til og frá skóla á þeim tíma þegar umferð er mikil og skyggni oft lítið. Í dag er staðan sú að meirihluti foreldra ekur börnum sínum í skólann þar sem þeir meta það svo að skólaleiðin sé ekki nógu örugg. Það skapar svo hættu fyrir þá nemendur sem ganga í skólann. Því er farsælast fyrir alla með sameiginlegu átaki bæjaryfirvalda og foreldra að nemendur gangi í skólann og geti treyst því að leiðin sé örugg.

### **Lækkun hámarkshraða**

Frá og með 23. ágúst 2004 hefur hámarkshraði við Njarðvíkurskóla og Myllubakkaskóla verið lækkaður í 30 km/klst. Hámarkshraði við Heiðarskóla er 30 km/klst. Hinsvegar þarf að skoða hraðatakmarkanir við Holtaskóla í samræmi við heildarlausn á því svæði. Samkvæmt umferðarskipulagi Reykjanesbæjar er verður hámarkshraði við allar íbúagötur 30 km/klst en setja þarf götur við skóla og á skólaleiðum í forgang sem og götur við leikskóla, tónlistarskóla, fjölbrautaskóla og íþróttamannvirki.

### **Merkingar**

Auka þarf merkingar við alla skóla. Bæði hvað varðar hámarkshraða og gangbrautir. Einnig þarf að merkja vel umferð gangandi barna og veita leiðbeiningar fyrir foreldra um hvernig akstri skuli háttað við skólana.

### **Fræðsla**

Ljóst er að leiðbeiningar um aðkomu að skólunum eru nauðsynlegar. Einnig þarf öflugna fræðslu meðal foreldra um hvernig akstri skal háttað við skóla og leggja áherslu á það að best er ef nemendur ganga sjálfir í skólann.

Gera þarf átak í hjálmanotkun unglunga og endurskinsmerkjanotkun. Hugsanlega má auka samstarf lögreglu og félaga enn frekar.

### **Gangbrautavarsla**

Skoða má gangbrautavörslu í samvinnu við Vinnumiðlun Suðurnesja t.d. við skólabyrjun þegar daginn tekur að lengja og ungir nemendur hefja sína skólagöngu. Slíkur gangbrautavörður veitir bæði foreldrum aðhald sem keyra börnum sínum í skólann og eins geta þeir veitt fræðslu til yngri nemenda.

### **Skólaakstur**

Samkvæmt upplýsingum frá bílstjórum SBK virðast nemendur ekki bera skynbragð á hættuna sem getur skapast þegar strætó nálgast stoppistöð og eins þegar farið er úr strætó. Sumir hlaupa til móts við vagninn áður en hann hefur stöðvast og eins skapast slysaþætta þegar nemendur fara úr vagninum.

## ***Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ***

Eins þarf að tryggja það að aldrei séu of margir farþegar í strætó hverju sinni og að stætóferðir auki ekki á umferðaröryggi eins og raunin er t.d. í FS en þar kemur strætó kl. 8:04 þótt skólinn hefjist kl. 8:00. Því nota fleiri nemendur einkabíla en strætó sem aftur þýðir aukna umferð fyrir nemendur á leið í Holtaskóla.

Ljóst er að nemendur þurfa leiðsögn í notkun á strætó og skapa þarf góða strætómenningu hjá nemendum og í bæjarfélaginu enda lítil hefð til fyrir slíkum akstri. Skoða þarf hverjir geta komið að því. Hugsanlega má virkja til þess skólaliða, ökumenn eða eldri nemendur.

### **Aðkoma vöruflutninga**

Setja þarf reglur um umferð bifreiða (vöruflutningar, þjónusta og fl.) á skólalóð. Alls ekki er ásættanlegt að vöruflutningar fari fram á skólalóð í frímínútum. Skoða þarf hvernig fyrirkomulagið er núna t.d. er hægt að leysa vandann með því að húsvörður sé ætíð viðstaddur ef vöruflutningar fara fram á þeim tíma sem nemendur eru á skólalóð.

### **Snjóruðningar/hálkuvörn:**

Beina þarf þeim tilmælum til þeirra sem sjá um snjóruðninga og hálkuvörn að gæta þess að ruðningar byrgi hvergi sýn né skapi slyshættu. Eins þurfa skólahverfi og gönguleiðir skólabarna að vera í forgangi þegar götur eru varðar háلكu.



### **Viðhengi 1. Skýrsla um umferðaröryggi skólabarna**

***Frétt úr Morgunblaðinu 2003 um skýrslu Benedikts Sigurðarsonar sérfræðingi hjá Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri um umferðaröryggi skólabarna.***

## **Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ**

"Það er auðvitað mjög alvarlegt mál að grunnskólanemar skuli viðá ekki fá neina markvissa fræðslu," segir hann. "Ef við skoðum aldursdreifingu þeirra sem eru í mestri hættu í umferðinni, sjáum við að fólk á aldrinum 15-24 ára er hreinlega í lífshættu. Við höfum aðgang að þeim öllum á meðan þau eru í grunnskóla og flestum þeirra í framhaldsskóla. Við höfum vanrækt skyldur okkar um að mæta þessu fólki með markvissri fræðslu. Áróður í fjölmiðlum hefur tiltekið gildi, en "massif" fræðsla sem nær til allra á að geta breytt þessu mynstri."

### **Allt of stór hópur barna í hættu**

Í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að að umferðarfræðsla í grunnskólum nær sums staðar einungis til barna í 1.-3. bekkjar. Þá er ekki heildstætt samræmi á því skipulagi sem unnið er eftir. Samstarf við lögreglu skortir í einstökum tilfellum alveg og í öðrum tilfellum er þáttur lögreglunnar ekki í skipulögðum farvegi. Þá hefur Umferðarstofa ekki fengið umbeðna fjármuni til útgáfu námsefnis né heldur til að fylgja eftir stefnumörkun ráðsins sem kynnt var í niðurstöðu ráðgjafarnefnda 1998. Þá er ekki starfandi námstjóri eða verkefnisstjóri á vegum menntamálaráðuneytis þrátt fyrir að reglugerð kveði á um það. Áherslur umferðarfræðslu eins og þeim er lýst í gildandi fyrirmælum laga, reglugerðum og markmiðum í námskrám liggja fremur í því að "kenna börnum að taka ábyrgð á sér sjálf", læra að varast hættur, fremur en lögð sé áhersla á umferðaruppeldi í samstarfi við foreldra.

### **Slysakostnaður um 10 milljarðar króna árlega**

Áætlaður árlegur kostnaður vegna slysa á börnum er á bilinu 3,7 til 18,6 milljarðar króna. Sé farinn millivegur og reiknað með kostnaði upp á 10 milljarða telur Benedikt að reikna megi út að 10% fækkun umferðarslysa á börnum gætu sparað samfélaginu 200 til 400 milljónir á ári. Einföld aðgerð eins og að flytja byrjunartíma grunnskólabarna að morgni út fyrir mestu álagstímann í umferðinni myndi ein og sér breyta miklu til að draga úr slyshættu, að mati Benedikts. Einnig myndi samhæfing á stundaskrá - samfara lengingu á kennslutíma - auðvelda umferðarvöktun lögreglu og gangbrautarvarða þannig að slík vöktun gæti orðið framkvæmanleg. Samhæfing á íþróttastarfi og listnámi innan og í beinum tengslum við grunnskólann í sama húsnæði myndu geta dregið gríðarlega mikið úr áhættu fjölmennra hópa. Einnig virðist einboðið að koma á skólamáltíðum fyrir alla nemendur þannig að þeir eigi ekki erindi út í umferðina á miðjum degi til þess eins að næra sig.

Þá er kæruleysi barna í 7.-10. bekk varðandi notkun öryggisbúnaðar, hjálma og hlífa áhyggjuefni, að mati Benedikts.

## **Viðhengi 2. Svör við fyrirspurnum umferðarhóps**

### **Njarðvíkurskóli**

1. Hvað má betur fara við aðkomu að skóla að mati starfsfólks skólans?

## **Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ**

Það er allt of algengt að foreldrar og aðrir aki alveg upp að skólanum á morgnana og í skólalok þegar verið er að sækja börn. Þar sem ekki má loka aðkomu bíla að skólanum þyrfti að setja upp skilti eða aðvörun um að óþarfa akstri upp að skólanum sé hættulegur börnunum.

2. Hvar eru hættusvæði við skóla og á leið til skóla?

Á leið í skólann: Yfir Njarðarbraut

Á horni Grundarvegur og Brekkustígs vegna strætisvagns og bíla sem eru að snúa við. Gegnum-akstur yfir skólalóð fyrir framan skólann. Mætti setja upp aðvörunarskilti vegna barnanna sem geta verið á leið til og frá leikvöllum við skólann.

3. Hvað þið teljið brýnast af þeim verkefnum sem til úrbóta teljast?

Að færa biðskýli neðan við sundlaug á bílastæði framan skólann svo betra verði að fylgjast með börnunum sem eru að fara í strætisvagninn.

### **Myllubakkaskóli – Sigurður Ingimundarson aðstoðarskólastjóri**

Það sem er brýnast í umferðaröryggi við Myllubakkaskóla að okkar mati:

- Að setja 30 km hámarkshraða á Sólvallagötuna.
- Að laga hraðahindrun við aðalinngang, fólk keyrir oft framhjá henni (inn á lóðina)

### **Holtaskóli – Jónína Guðmundsdóttir skólastjóri**

Undanfarin ár hefur átt sér stað mikil umræða um öryggi skólabarna í Holtaskóla vegna opinnar lóðar og mikillar umferðar nálægt skólanum.

Að lóð skólans liggja: Sunnubraut, Faxabraut og Skólavegur.

Faxabraut er fjærst skólanum og stafar minnst hættu af þeirri götu. Mikil umferð er um Skólavegin og skapast einkum hættu þegar er hálf og snjór. Þá vilja nemendur leika sér í snjóruðningum við götuna og lenda jafnvel út á götunni þar sem bílar aka í hálli brekku.

Beðið hefur verið um einhverskonar skermun milli lóðar og Skólavegar og var að sögn búið að teikna grindverk sem lofað var sumar 2003 en ekki varð úr framkvæmdum af hálfu bæjarins.

Bílastæði/leiksvæði á móti Skólavegi og Lyngholti er þröngt og nemendur fara þar mikið um enda 2 kálfar staðsettir þar. Búið er að banna umferð annarra en starfsfólks um þetta svæði en samt ber á því að fólk ekur þarna inn og bakkar með tilheyrandi hættu.

Bannskilti sést illa í myrkri en foreldrar eiga fremur erindi að skólanum þá heldur en þegar skóladegi lýkur í birtu.

Aðkoma að skólanum frá Skólavegi hefur einnig verið þannig að fólk stöðvar einhversstaðar í brekkunni og hleypir nemendum út, jafnvel fyrir innkeyrslunni inn á áður nefnt svæði. Nauðsynlegt er að gera útskot á vissum stað (til móts við efri álmuna) þar sem fólk gæti stöðvað án þess að valda hættu eða töfum á umferð á Skólaveginum. Aðkoma að ruslagám er mjög sóðaleg og væri hægt að endurbæta hana um leið og útskotið væri gert.

## ***Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ***

*Strætisvagn stöðvar við gangbraut á Skólavegi og þar er nemendum hleypt út. Þetta tefur umferð um götuna og væri nauðsynlegt að finna hentugt útskot fyrir strætisvagninn t.d. til móts við neðri álmu skólans en þannig myndu nemendur ganga beint upp á gangstétt við skólann.*

*Sunnubraut sunnan sundmiðstöðvar er lokað fyrir umferð kl 08.00 á morgnana og til kl 14.00. Þarna var mikil og hröð umferð Fjölbrautaskólafólks aðallega. Nú ber mikið á því að sundgestir og fólk á leið í líkamsrækt leggi bílum sínum á Sunnubrautina við lóð skólans sem næst Skólaveginum og bílastæðum Sundmiðstöðvarinnar og þrengi að og skapi hættu. Þarna er bannskilti en það er lítið og sést illa í myrkri. Einnig leggur fólk inn á lóð skólans sem þó er auglýst bannsvæði fyrir aðra en starfsfólk.*

*Fólk sem kemur eftir Sunnubraut eða Skólavegi og skilar af sér nemendum þyrfti að geta stöðvað við innkeyrsluna að skólanum á Sunnubraut og beygt síðan niður með Sundmiðstöðinni til baka. Þannig myndaðist öruggur hringakstur.*

*Fólk sem er að skila yngstu nemendunum á það til að aka innar eftir Sunnubrautinni og stöðva við lokunina til að hleypa nemendum út. Hægt er að aka í hring þarna en til bóta væri að koma fyrir stöpli eða einhverju til að aka kringum.*

*Bílar sem koma eftir Sunnubraut frá Faxabraut hafa hinsvegar skapað hættu við horn íþróttahússins þegar þar er bakkað og nemendur e.t.v. að koma gangandi fram hjá FS og íþróttahúsi að skólanum. Foreldrar hafa verið beðnir um að aka í hring inn Sunnubraut og stoppa við horn skóla/íþróttahúss og hleypa út án þess að bakka og aka svo framhjá bílastæði íþróttahússins til baka. Allflestir hafa orðið við þessu.*

*Nauðsynlegt er að gera heildarúrbætur á Sunnubraut milli Faxabrautar og Skólavegar með tilliti til öryggis skólabarna í Holtaskóla. Þær úrbætur sem gerðar hafa verið þar og annarsstaðar við skólann hafa takmarkast við núverandi skipulag og miða fyrst og fremst á því að draga úr bráðri hættu. Ljóst er hinsvegar að mun betur má gera og vísun við þeirri vinnu sem til þarf til þeirra er sérþekkingu hafa á sviði umferðar- og skipulagsmála.*

### **Stefán Bjarkason framkvæmdastjóri Menningar-, íþróttá- og tómstundasviðs Reykjanesbæjar**

*Eftir að Perlan hóf starfsemi hefur bílaumferð við Holtaskóla stórauðist á morgnana. Gætir þú rétt við forsvarsmenn Perlunnar um að beina þeim tilmælum til iðkenda að leggja bílum sínum frekar fyrir neðan Sundmiðstöð til að draga úr slyshættu við skólann. Dettur helst í hug að best væri að setja þessi tilmæli/áskorun upp á vegg og fylgja því svo eftir munnlega við Perlugesti. Auðvitað eru þetta líka "okkar" gestir, en viðbótin hefur skapað enn meira álag og enn meiri hættu.*

### **Heiðarskóli – Gunnar Jónsson skólastjóri**

*Ég sendi bréf til allra starfsmanna Heiðarskóla og óskaði eftir ábendingum. Hef ekki fengið nein viðbrögð. Umferðaröryggismál við um og í kringum Heiðarskóla eru í nokkuð góðu lagi.*

## ***Samstarfshópur um umferðaröryggismál nemenda í Reykjanesbæ***

*Helsta vandamálið hefur að mínu mati verið það að foreldrar fara ekki eftir óskum og leiðbeiningum um það, hvar á að aka, þegar börnin eru keyrð í skólann eða sótt.*

### **Sundmiðstöð Keflavíkur og Íþróttahúsið við Sunnubraut – Jón Jóhannsson forstöðumaður**

*Varðandi umferðaöryggi skólabarna og tökum þá fyrst fyrir Íþróttahús Keflavíkur þar sem vandamálið er hin mikli fjöldi bíla nemanda FS, vandamál sem verið hefur lengi og verður sennilega í framtíðinni eða þar til byggt verður bilageymsluhús á nokkrum hæðum.*

*Þó nokkur slyshætta skólabarna Holtaskóla er á gatnamótum Faxabrautar og Skólavegar þar sem nemendur FS eru að koma Skólaveginn úr báðum áttum og fleiri bílar, beygja til suðurs Faxabrautina og er ég áþreifanlega var við þetta þar sem ég er að mæta í vinnuna á sama tíma og börnin eru að fara gangandi í skólan. Gangbrautir eru þar mjög illa merktar.*

*Hanna þarf lóð Holtaskóla og taka tillit t.d. hvar almennigsvagnar og skólabílar skila og taka við nemendum, og hvar bifreiðastæði starfsfólkskólans skal vera en þrengt hefur mjög að síðan að bifeiðastæði voru teki undir Kálfana.*

*Taka þarf tillit til gesta Sundmiðstöðvarinnar er þurfa að hafa bilastæði á Sunnubrautinni fyrir framan Sundmiðstöðina ásamt stæðum sem nú eru viðmannvirkið.*

.  
.